



# **Viðbót við fornleifaskráningu**

vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði



**Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga**

Ágúst 2008

**2008/77**



## Efnisyfirlit

|                                     |          |
|-------------------------------------|----------|
| <b>Inngangur</b> .....              | <b>2</b> |
| Tilgangur fornleifaskráninga .....  | 2        |
| Aðferð við skráningu .....          | 3        |
| <b>Fornleifaskráning 2008</b> ..... | <b>4</b> |
| <b>Niðurstöður</b> .....            | <b>8</b> |

## Inngangur

Sumarið 2005 skráði Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fornleifar í tengslum við mat á umhverfisáhrifum væntanlegrar veglagningar í Vopnafirði.<sup>1</sup> Þar sem að breytingar hafa orðið á veglínunum síðan sú skráning var gerð fór Vegagerðin þess á leit við Byggðasafnið að það skráði og skoðaði á vettvangi þau svæði sem að breytingarnar munu hafa áhrif á. Farið var á vettvang dagana 4-6 júlí 2008 og veglínur gengnar auk þess sem settar voru upp stikur til merkingar minja sem Fornleifavernd ríkisins hafði ákvarðað að merkja þyrfti á meðan á framkvæmdum stendur.

Sérstakar þakkir fá heimildamenn okkar Sigurjón Friðriksson fyrrum ábúandi í Ytri-Hlíð, Hólmfríður Ófeigsdóttir bóndi á Búastöðum og Bragi Vagnsson bóndi á Bustarfelli.

Aftast í skýrslunni er listi yfir hnit á stikum sem settar voru upp til merkingar minja og loftmyndir með staðsetningu minja miðað við væntanlegar veglínur.

## Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til“. Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það

<sup>1</sup> Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson 2005, *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2005/47. Sauðárkróki.

Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

### *Aðferð við skráningu*

Minjar eru skráðar upp úr heimildum og einnig er talað við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Á vettvangi eru svæði gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst auk þess sem þær eru teiknaðar upp og ljósmyndaðar.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer og hér er notað sama númerakerfi og við skráninguna 2005. Fyrsti hluti númersins er númer jarðarinnar í fasteignaskrá, annar hlutinn er númer jarðarinnar í Jarðatali Johnsens frá 1847<sup>2</sup> og síðasti hlutinn er hlaupandi númer innan hvernar jarðar. Einnig fylgja með svokallaðar kennitölur [Fvrnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í kerfi Fornleifaverndar ríkisins.

Hlutverk og tegund minja er skráð og lagt er mat á hversu vel þær eru varðveittar og í hversu mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi.

Nákvæm staðsetning minja er gefin upp í skránni við hverja fornleif sem stakt hnit. Minjarnar eru einnig mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXr) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Verkkaupi fær eintak af öllum uppmælingagögnum. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi loftmyndir frá Loftmyndum ehf sem Vegagerðin lét í té.

---

<sup>2</sup> J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi*, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartölum 1855-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kaupmannahöfn 1847.

## Fornleifaskráning vegna vegagerðar í Vesturárdal í Vopnafirði 2008

**Vakursstaðir 156534 35-29**

**Fvrnr.: 10050**

**Hlutverk:** Heystæði, stekkur (?)

**Tegund:** Tóft

**Staðsetning:** A: 683863,22

N: 583792,98

**Ástand:** Sæmilegt, veggir eru heillegir

**Hætta:** Tóftunum stafar hætt af nálægð við framkvæmdasvæði vegna vegagerðar

**Heimildamaður:** Sigurjón Friðriksson fyrrum ábúandi í Ytri-Hlíð

**Fjarlægð frá miðlínu vegar 28m**



Mynd 1. Tóft í Lambhaga. Ljósmynd: GSS.


### Staðhættir

Norðan við landamerki milli Búastaða og Vakursstaða heitir Lambhagi og mun heimreið að Vakursstöðum og Ytri-Hlíð liggja um hann.

### Lýsing

Á þurri harðvellisgrund, sunnarlega í Lambhaga er tóft, um 150m suðaustur af þjóðvegi þeim sem nú liggur inn Vesturárdal. Engar heimildir eru um hlutverk tóftarinnar en Sigurjón Friðriksson fyrrum bóndi í Ytri-Hlíð telur líklegast að þar hafi síðast verið sett saman hey en telur ekki ómögulegt að þarna hafi verið stekkur áður. Tóftin liggur nálega austur/vestur og virðist hún vera tvískipt, stærra hólfið (vestara) 2x3m að innanmáli en það minna (austara) 1x2m. Hæð veggja að innan er um 25sm, breidd þeirra mest um 1m og virðast dyr eða hlið hafa verið og snúið mót suðri. Tóftin er algróin grasi og sker sig vel úr umhverfi. Erfitt er að átta sig á innanmáli tóftar þar sem hún er þýfð að innan og virðist eitthvað hafi verið skilið eftir í tóftinni eftir að notkun var hætt etv. hey.

Umhverfis tóftina eru þrír niðurgreftir þar sem torf virðist hafa verið tekið, rétt um ein skóflustunga á dýpt. Hugsanlega hefur verið stungið upp þarna það torf sem tóftin er byggð úr.



#### **Vakursstaðir 156534 35-30**

**Fvnr.: 10051**

**Hlutverk:** Náma

**Tegund:** Niðurgroftur

**Staðsetning:** A: 683887,13 N: 583796,95

**Ástand:** Gott

**Hætta:** Minjunum stavar hætta af nálægð við framkvæmdasvæði vegna vegagerðar

**Fjarlægð frá miðlínu vegar 27m**

#### **Staðhættir og lýsing**

Umhverfis tóft (156534 35-29) eru þrír niðurgreftir, þar sem torf virðist hafa verið tekið. Niðurgreftirnir eru um ein skóflustunga á dýpt og hefur hugsanlega verið stungið upp þarna það torf sem tóftin er byggð úr, eða til þess að tyrfa yfir hey í heytóft. Um 12m norður af tóftinni er niðurgroftur 11x6m að þvermáli.

#### **Vakursstaðir 156534 35-31**

**Fvnr.: 10052**

**Hlutverk:** Torftaka

**Tegund:** Niðurgroftur

**Staðsetning:** A: 683872,87 N: 583794,30

**Ástand:** Gott

**Hætta:** Minjunum stavar hætta af nálægð við framkvæmdasvæði vegna vegagerðar

**Fjarlægð frá miðlínu vegar 20m**

#### **Staðhættir og lýsing**



Umhverfis tóft (156534 35-29) eru þrír niðurgreftir, þar sem torf virðist hafa verið tekið. Niðurgreftirnir eru um ein skóflustunga á dýpt og hefur hugsanlega verið stungið upp þarna það torf sem tóftin er byggð úr, eða til þess að tyrfa yfir hey í heytóft. Um 3m norðaustur af tóftinni er niðurgröftur 3x4m að utanmáli.

#### **Vakursstaðir 156534 35-32**

**Fvnr.: 10053**

**Hlutverk:** Torftaka

**Tegund:** Niðurgröftur

**Staðsetning:** A: 683862,94 N: 583786,97

**Ástand:** Gott

**Hætta:** Minjunum stafar hættu af nálægð við framkvæmdarsvæði vegna vegagerðar

**Fjarlægð frá miðlínu vegar 32m**

#### **Staðhættir og lýsing**

Umhverfis tóft (156534 35-29) eru þrír niðurgreftir, þar sem torf virðist hafa verið tekið. Niðurgreftirnir eru um ein skóflustunga á dýpt og hefur hugsanlega verið stungið upp þarna það torf sem tóftin er byggð úr, eða til þess að tyrfa yfir hey í heytóft. Um 1m beint suður af tóftinni er niðurgröftur 3x4m að utanmáli.

#### **Norður-Skálanes 156507 72-23**



*Mynd 2. Mógrafir. Ljósmynd. BZ.*

**Fvnr.: 10054**

**Hlutverk:** Mógrafir

**Tegund:** Niðurgröftur

**Staðsetning:** A: 687712,80 N: 588159,80

**Ástand:** Gott, mógrafirnar eru greinilegar

**Hætta:** Minjunum stafar hættu af nálægð við framkvæmdarsvæði vegna vegagerðar



### **Fjarlægð frá veglínu: 8m**

#### **Staðhættir og lýsing**

Syðst í landi Norður-Skálaness um 20m suður eða upp af veginum sem nú liggur inn Vesturárdal eru mógrafir. Svæðið er alls um 11x15m að utanmáli og er um 7m austur af útbrún fyrirhugaðrar veglínu.

#### **Bustarfell 156452 50-42**

**Fvnr.: 10055**

**Hlutverk:** Varða

**Tegund:** Hleðsla

**Staðsetning:** A: 680038      N: 575560

**Ástand:** Sæmilegt

**Hætta:** Minjunum stafar hætta af nálægð við framkvæmdasvæðið

**Heimildamaður:** Bragi Vagnsson bóndi Bustarfelli

**Fjarlægð frá veglínu:** Varðan lendir í skeringu vegar



*Mynd 3. Varða á Dómslækjarmel. Ljósmynd.BZ.*

#### **Staðhættir og lýsing**

Í örnefnaskrá segir: „Teigará, ræður

landamerkjum milli Bustarfells og Teigs. Stærsti fossinn í henni heitir Skessufoss, framan og neðan við hann eru grösugar lægðir, sem heita Dómslækjarbotnar. Niður úr þeim fellur lækur, sem heitir Dómslækur“ (ÖB, 4).

Varðan stendur á melkolti sem heimildamaður nefnir Dómslækjarmel. Hún er tæpa 80m suður af núverandi vegi.

Varðan er lágreist um 1-2 steinaraðir, 15-20sm á hæð.

#### **Heimildaskrá**

Örnefni í landi Bustarfells. Skráð hefur Methúsalem Methúsalemsson. Örnefnastofnun Íslands.

## Niðurstöður

Sex minjar bættust við skrána við vettvangsferðina 2008, þar af ein tóft og þrjú torftökusvæði í landi Vakursstaða, mógrafir í landi Norður-Skálaness og leifar vörðu í Bustarfellslandi. Varðan mun lenda í veglínu en aðrar minjar eru nálægt veglínunni og eru því í nokkurri hættu vegna framkvæmdanna.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning þeirra er þekkt út frá heimildum, heimildamönnum eða öðrum ummerkjum í landslagi. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst undir yfirborðinu þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber þegar í stað að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

# Fylgiskjöl

**Hnit á stikum sem settar voru niður við fornminjar**

| Jörð        | Hlutverk  | Austun    | Norðun    | Fjarlægð | Númer        |
|-------------|-----------|-----------|-----------|----------|--------------|
| Hauksstaðir | stika BSK | 680065,66 | 579532,32 | 11       | 156482 39-45 |
| Hauksstaðir | stika BSK | 675918,42 | 578371,51 | 11       | 156482 39-34 |
| Hauksstaðir | stika BSK | 675883,82 | 578331,36 | 24       | 156482 39-33 |
| Hauksstaðir | stika BSK | 675833,69 | 578299,95 | 20       | 156482 39-30 |
| Hauksstaðir | stika BSK | 679243,62 | 579625,79 | 11       | 156482 39-13 |
| Hauksstaðir | stika BSK | 679257,49 | 579594,17 | 13       | 156482 39-13 |
| Hauksstaðir | stika BSK | 679249,27 | 579610,02 | 11       | 156482 39-13 |
| Hauksstaðir | stika BSK | 674074,10 | 576939,29 | 20       | 156482 39-29 |
| Hauksstaðir | stika BSK | 676155,51 | 578599,03 | 11       | 156482 39-36 |
| Hauksstaðir | stika BSK | 677264,05 | 578859,50 | 12       | 156482 39-39 |
| Hauksstaðir | stika BSK | 679635,51 | 579956,15 | 10       | 156482 39-42 |
| Hauksstaðir | stika BSK | 679625,35 | 579947,00 | 8        | 156482 39-42 |
| Búastaðir   | stika BSK | 680420,24 | 580324,48 | 8        | 156482 41-15 |
| Búastaðir   | stika BSK | 680412,74 | 580323,87 | 10       | 156482 41-15 |

**Viðbætur við skráðar minjar á vegstæði í Vesturárdal og á Millidalaleið**

| Jörð            | Hlutverk  | Austun    | Norðun    | Fjarlægð | Númer        |
|-----------------|-----------|-----------|-----------|----------|--------------|
| Vakursstaðir    | Heystæði? | 683863,22 | 583792,98 | 28       | 156534 35-29 |
| Vakursstaðir    | Náma      | 683887,13 | 583796,95 | 7        | 156534 35-30 |
| Vakursstaðir    | Náma      | 683872,87 | 583794,30 | 20       | 156534 35-31 |
| Vakursstaðir    | Náma      | 683862,94 | 583786,97 | 32       | 156534 35-32 |
| Bustarfell      | Varða     | 680038    | 575560    | 0        | 156452 50-41 |
| Norður-Skálanes | Náma      | 687712,8  | 588159,8  | 7        | 156507 72-23 |

# Minjar í landi Vakursstaða



Öskumelur

Bæjartenging - veglína

Lambhagi

Búastadir

156534 35-29

156534 35-30

156534 35-31

156534 35-32




©2008, Byggðasafn Skagfirðinga

0 10 20 30 40  
m



# Minjar í landi Norður-Skálaness

N



43700

43600

156507 72-23



©2008, Byggingasafn Skagfirðinga

0 10 20 30 40 50 m



# Minjar í landi Bustarfells



5200

5300

5400

5500

5600

5700

5800

5900

156452 50-41

